Víðigrund 23

Umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi

Umsögn

Forsendur
Ferill málsins
Athugsemdir og umsagnir
Niðurstaða

16. júní 2022
2111359/SS/BSE

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

1) Forsendur

Víðigrund 23

Aðalskipulag. Víðigrund 23 er á er á íbúðasvæði **ÍB-2** í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Eftirfarandi er lýsing af svæðinu úr töflu 2-9. Yfirlit yfir íbúðarsvæði í Kópavogi (í kafla 2.1.2 Íbúðarsvæði):

„Nokkuð fastmótuð íbúðarbyggð í eldri hverfum bæjarins, ódeiliskipulögðum svæðum. Þéttasta byggð Kópavogs með mjög blönduðum húsagerðum þó mest fjölbýli. Á þróunarsvæðum í Digranesi, Auðbrekku, Hamraborg og Traðarreit-nyrðri og Háveg er gert ráð fyrir þéttingu byggðar.
Lundur er nær fullbyggður en þar hafa verið byggðar um 300 íbúðir.
Á Digranesi öllu er gert ráð fyrir um 1.600 nýjum íbúðum frá 2019 til 2040 þar af um 1000 – allt að 62%-verði byggðar eða komnar í byggingu fyrir um 2030 sbr. mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3. Það mótast nánar á skipulagstímabilinu.
Hluti íbúðarsvæðis í nálægð við miðsvæði í Hamraborg er jafnframt þróunarsvæði fyrir blandaða byggð. Nánari umfjöllun og markmið er varða Digranes er í rammahluta aðalskipulags í 7. Kafla um rammahluta aðalskipulags um Digranes og kafla 2.2 um þróunarsvæði.
Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða.
Stærð heildarsvæðis um 190 ha.“



Mynd 1: Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040, þéttbýlisuppdráttur.

Deiliskipulag. Gildandi deiliskipulag svæðisins má finna á vef Skipulagsstofnunar.

- Samþykkt í skipulagsnefnd 22. ágúst 1989, bæjarráði 21. september 1989 og bæjarstjórn 26. september 1989 samþykkt af skipulagsstjóra ríkisins 15. nóvember 1989 m.s.br. Sjá fylgiskjal 1
- Skipulagið er byggt á heildarskipulagi og skilmálum frá september 1971. Þar er m.a. tekið fram í kafla III fyrir einbýlishús við Víðigrund: 1. Á lóðinni skal byggja 130 m2 einbýlishús, eina hæð. 2. Form og stærð húss er bundin skv. málblaði. Á austurhlið hússins skulu vera hátt sitjandi gluggar eða afskermun glugga til að hindra innsýn í garð hússins fyrir austan. Gafl í lóðamörkum skal vera gluggalaus. 3. Mesta þakhæð yfir skuðrlínu vegg- og þakflatar leyfist 120 cm.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026



Samþykkt í bæjarstjórn 26.sept. 1989

Loftmynd úr landupplýsingakerfi Kópavogs

Mæliblað

Mæliblað samþykkt í bæjarráði 18. maí 2007



Skráning í fasteignaskrá.

Íbúðarhúsalóð, einbýlishús, byggingarár 1976.
Byggingarreitur fyrir bílskúr (sem er óbyggður).

Lóð 456 m2 (388 m2 lóð fyrir einbýlishús+68 m2 fyrir bílskúr)
Flatarmál einbýlishúss 131,1 m2
Núverandi nýtingarhlutfall heildarlóðar (fyrir hús og bílskúr) er = 0,29 (131,1m2/456m2=0,287)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10.2026

Víðigrund 23

Fasteignanúmer	Merking	Lýsing	Bygg.ár	Birt stærð	Fasteignamat	Þar af Lóðarmat	Brunabótamat	Fasteignamat 2023
F2065937	01 0101	Einbýlishús	1976	131,1 m2	75.850.000	11.400.000	56.850.000	96.100.000

Landeignanúmer	Notkun	Stærð	Staðgreinir
L116329	Íbúðarhúsalóð	456,0 m²	1000-1-93500230

Í ofangreindum útreikningum á nýtingu er ekki gert ráð fyrir bílageymslu. Skipulagsdeild bendir því á að ef byggð er 3.7x7m bílageymsla eins og heimilt er skv. gildandi deiliskipulagi, hækkar núverandi nýtingarhlutfall úr 0.29 í 0.34

2) Ferill máls

Á 113. fundi skipulagsráðs 31. janúar 2021 var eftirfarandi bókað.

13.2111359-Víðigrund 23. Breytt deiliskipulag.
Lagt fram að nýju erindi Sigríðar Arngrímsdóttur arkitekts dags. 21. október 2021 f.h. lóðarhafa Víðigrundar 23. Sótt er um leyfi til að byggja 70,3 m² viðbyggingu við núverandi hús. Viðbyggingin yrði á 1. hæð og kjallara. Núverandi íbúðarhús er skráð 131,1 m². Lóðarstærð er 456 m². Núverandi nýtingarhlutfall er 0,28. Heildarbyggingarmagn á lóð eftir breytingu verður 201,4² sem mun gera nýtingarhlutfallið 0,44. Meðaltalsnýtingarhlutfall á lóðum Víðigrundar 9 til 21 og 25 til 35 er 0,37 (minnst 0,27 og mest 0,77). Uppdrættir og skýringar dags. 21. október 2021.

Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Víðigrundar 11, 13, 21, 25, 29 og 31.

Fylgiskjöl:

- 2021-11-29 Bréf til Kópavogsbæjar.pdf
- Aðaluppdrættir dags. 21.10.2021

(sjá fylgiskj. 2)

Á 121. fundi skipulagsráðs 30. maí 2022 var eftirfarandi bókað.

12.2111359-Víðigrund 23. Breytt deiliskipulag.
Lagt fram á ný erindi Sigríðar Arngrímsdóttur arkitekts dags. 21. október 2021 f.h. lóðarhafa Víðigrundar 23. Sótt er um leyfi til að byggja 70,3 m² viðbyggingu við núverandi hús. Viðbyggingin yrði á 1. hæð og kjallara. Núverandi íbúðarhús er skráð 131,1 m². Lóðarstærð er 456 m². Núverandi nýtingarhlutfall er 0,28. Heildarbyggingarmagn á lóð eftir breytingu verður 201,4² sem mun gera nýtingarhlutfallið 0,44. Meðaltalsnýtingarhlutfall á lóðum Víðigrundar 9 til 21 og 25 til 35 er 0,37 (minnst 0,27 og mest 0,77). Uppdrættir og skýringar dags. 21. október 2021.
Á fundi skipulagsráðs 31. janúar 2022 var samþykkt með tilvísun í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Víðigrundar 11, 13, 21, 25, 29 og 31.
Kynningartíma lauk 20. maí, athugasemdir bárust.

Afgreiðslu frestað. Vísað til umsagnar skipulagsdeildar.

Fylgiskjöl:

- Grenndarkynning, útsendur-Kynningaruppdráttur.pdf
- Athugasemdir og fskj.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10.2026

3) Athugasemdir og ábendingar.

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:
Unnari Erni Unnarssyni og Hörpu Steinunni Steingrímsdóttur þinglýstir eigendur og lóðarhafar Víðigrundar 25. (sjá fylgiskj. 3)

1. Unnar Örn Unnarsson og Harpa Steinunn Steingrímsdóttir
Víðigrund 25.

1.1
„Undirritaðir lóðarhafar að Víðigrund 25 eru alfarið á móti þeirri tillögu að breyttu deiliskipulagi á Víðigrund 23 sem hér er til umsagnar. Lóðarhafar Víðigrundar 25 létu andstöðu sína skýrt í ljós við eigendur Víðigrundar 23 þegar þeir fóru fram á samþykki í nóvember 2021. Eigendur Víðigrundar 25 gerðu eigendum Víðigrundar 23 það ljóst að breytingin myndi skerða lífsgæði og öryggi eigenda og íbúa að Víðigrund 25. Því verður að teljast undarlegt að eigendur Víðigrundar 23 skuli ekki hafa dregið tillöguna til baka."

„Tillagan felur m.a. í sér að færa byggingareit Víðigrundar 23 í 1,45 metra fjarlægð frá lóðarmörkum Víðgrundar 25 en slík breyting ætti að fela í sér samþykki aðliggjandi lóðarhafa enda um forsendubrest að ræða fyrir eigendur í Víðgrund 25 sem ekki gerðu ráð fyrir að þrengt væri svo að þeim eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir."

Umsögn 1.1
Í greinargerð með Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er í kafla 7 um rammahluta aðalskipulagsins greint frá stefnumótandi rammaákvæðum sem gilda um þegar byggð hverfi og greint frá að þau skuli höfð til hliðsjónar þegar óskað er eftir breytingum skv. skipulagslögum. Greint er frá að komi fram óskir um breytingar í núverandi byggð, hvort sem hún er deiliskipulögð eða ekki, skuli liggja fyrir greinargerð með skýringarmyndum þar sem ítarlega er greint frá mögulegum áhrifum breytingarinnar á þá byggð sem fyrir er. Einkum skal horft til hluta eins og hvernig breytingin fellur að aðliggjandi byggð og yfirbragði hverfisins hvað varðar stærð og hlutföll, umferð bílastæðaþörf, útsýni og skuggamyndun.
Í kafla 2 um byggð er sett fram meginmarkmið þar sem fram kemur að stuðla skuli að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Mótun byggðarinnar skal tryggja sjálfbærni og hafkvæma uppbyggingu, en í því felst m.a. að horft er í ríkar mæli til þéttingar byggðarinnar og þannig er vægi vistvænni samgangna aukið. Áhersla er jafnframt lögð á blandaða byggð með fjölbreytt framboð af húsnæði, þjónustu og útivist ásamt greiðum og öruggum samgöngukerfum.

Í samræmi við ofangreint samþykkti skipulagsráð á fundi sínum 31. janúar 2022 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhögum Víðigrundar 11, 13, 21, 25, 29 og 31 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Með vísan í ofangreind skipulagslög telur skipulagsdeild að ekki þurfi samþykki aðliggjandi lóðarhafa til að hefja skipulagsvinnu með grenndarkynningu.

1.2
„Ekki er leyfilegt að planta hávöxnum trjátegundum nær lóðarmörkum en 4 metra og ekki er leyfilegt að byggja skjólvegg á lóðarmörkum eða nær lóðarmörkum en 1,8 metra án samþykkis aðliggjandi lóðarhafa skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 með áorðnum breytingum nr. 1321/2021 og því má ætla að samþykki aðliggjandi lóðarhafa fyrir umræddum breytingum sem teljast verulegar væri grundvöllur fyrir samþykkt nýs deiliskipulags."

Umsögn 1.2

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Skipulagsdeild er ekki sammála túlkun lóðarhafa Víðigrundar 25 á gr. 7.2.2 í byggingarreglugerð nr. 90/2013 uppfærð 6. des. 2021 og vísar í umsögn 1.1 um óverulega breytingu.

1.3
„Deiliskipulagsbreyting sem þessi rýrir verðgildi eignar lóðarhafa að Víðigrund 25, hún hefur áhrif á notkun eignarinnar og lóðar bæði á framkvæmdatíma og til framtíðar litið, hvað varðar hljóðburð, útsýni að götu, skuggavarp og birtu. Lóðarhafar Víðigrundar 25 keyptu eignina á sínum tíma út frá núverandi deiliskipulagi og höfðu réttmætar væntingar um að skipulagið yrði áfram þannig."

Umsögn 1.3
Þegar skoðað er hvernig fyrirhuguð breyting að Víðigrund 23 fellur að aðliggjandi byggð og yfirbragði hverfisins hvað varðar stærð og hlutföll, umferð bílastæðaþörf, útsýni og skuggamyndun telur skipulagsdeild að engar neikvæð umhverfisáhrif verið af aukinni umferð og bílastæðaþörf.

Þegar skoðuð eru umhverfisáhrif af skuggavarpi er það mat skipulagsdeildar að aukin morgun skuggi stafar af fyrirhugaðri breytingu einkum við útidyr Víðigrundar 25. Dæmi er tekið úr töflu um sólarhæð og sólarátt í Reykjavík 22. mars kl 9:00 en þá skín sól úr 109° og hæð er 10°. (sjá fylgiskj. 5)

Þegar skoðuð eru umhverfisáhrif af útsýnisskerðingu er það mat skipulagsdeildar að útsýni breytist þegar horft er til norðausturs frá austurhluta lóðar Víðigrundar 25

Þegar skoðuð eru umhverfisáhrif af nánd og innsýn (notkun eignarinnar) er það mat skipulagsdeildar að fyrirhuguð viðbygging þrengi aðkomu að útidyrum (aukin nánd) en ekki er tekið undir að nánd raskist í barnaherbergi þar sem tekið er fram í skilmálum að á austurhlið húsa skulu vera hátt sitjandi gluggar eða afskermun glugga til að hindra innsýn í garð hússins fyrir austan.

Ekki er talið að innsýn inn á lóð Víðigrundar 25 aukist við fyrirhugaðar breytingar.
Ónæði á framkvæmdatíma fylgir óhjákvæmilega breytingum.

Á umræddu svæði Víðigrundar er í gildi deiliskipulag Víðigrund samþykkt í bæjarstjórn 26. september 1989 með síðari breytingum fyrir Víðigrund 7, 21, 35 og 55.
Þær breytingar sem gerðar hafa verið gerðar felast í óverulegum breytingum:

Víðigrund 7.
Kjallararými undir húsi nýtt sem dvalarrými. Nýtingarhlutfall eykst í 0.57
Engar athugasemdir bárust við tillöguna.

Víðigrund 21.
Grunnflötur stækkaður til suðurs um 2 m. Nýtingarhlutfall eykst í 0.56
Engar athugasemdir bárust við tillöguna.

Víðigrund 35.
Heimild fyrir viðbyggingu á vesturhlið. Nýtingarhlutfall eykst í 0.61
Engar athugasemdir bárust við tillöguna.

Víðigrund 35.
Kjallararými komið fyrir undir bílageymslu. Nýtingarhlutfall eykst í 0.78
Engar athugasemdir bárust við tillöguna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

„Varðandi rýrnun á gildi eignar. Fjallað er um bætur vegna skipulags og yfirtöku eigna í 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar segir: „Leiði skipulag eða breyting á skipulagi til þess að verðmæti fasteignar skerðist verulega, umfram það sem við á um sambærilegar eignir í næsta nágrenni, á sá er getur sýnt fá á tjón af þeim sökum rétt á bótum frá viðkomandi sveitarfélagi.“

1.4
„Umrædd breyting felur í sér aukningu á byggingarmagni um 50% eða 70 m2 , þ.e. úr 130 m2 í 200 m2 sem verður að teljast veruleg breyting. Breytingin felur í sér umfangsmikla breytingu á götumynd, er fordæmislaus í götunni og jafnframt því fordæmisgefandi fyrir önnur hús í hverfinu. Byggingarnar í götunni eru skilgreindar sem einbýlishús þar sem ein skammhliðin liggur upp að lóðarmörkum samkvæmt eldra skipulagi. Ekki er um að ræða parhús eða fjölbýlishús sem mætti ætla ef þessi breyting fær fram að ganga en breytingin hefur meðal annars áhrif á hljóðburð milli húsa.“

Umsögn 1.4
Nýtingarhlutfall fyrir breytingu var 0.28. Með fyrirhuguðum breytingum er hámarksnýtingarhlutfall áætlað 0.44 sem er yfir meðaltals nýtingu Víðigrundar 9 til 35 sem er 0.37 (sjá fylgiskj. 4) **en undir lóðarnýtingu Víðigrundar 7, 21 og 35 þar sem deiliskipulagsbreytingar hafa átt sér stað.**
Skipulagsdeild tekur undir þá skoðun lóðarhafa Víðigrundar 25 að um mikla breytingu sé að ræða á götumynd Víðigrundar 19-25 við fyrirhugaða framkvæmd og telur að umrædd breyting, verði hún samþykkt, sé fordæmisgefandi fyrir allt deiliskipulagssvæði Víðigrundar. Ef lóðarhafar Víðigrundar 19, 21 og 25 fengu heimil til að byggja ámóta viðbyggingu og um ræðir að Víðigrund 23 yrði ásýnd götunnar nær því að vera samhangandi byggð eins og um raðhús væri að ræða. (sjá fylgiskj. 6)
Skipulagsdeild telur ekki að breytingin hafi áhrif á hljóðburð milli húsa.

1.5
„Ef steypa á stoðvegg 1,45 metrum frá lóðarmörkum Víðigrundar 25 skv. fyrirliggjandi tillögu þá er lágmarks gröftur út fyrir vegg 1-2 metrar samkvæmt hefðbundnu graftrarplani en þar sem grafa þarf heilan kjallara niður og jarðvegur er mýri má ætla að jarðvegur fari að hrynja og síga í bílaplani lóðar Víðigrundar 25. Þetta hefði því í för með sér eyðileggingu á bílaplani og snjóbræðslulögnum. Mikil hætta er á sigi í jarðvegi undir bílaplani og í lögnum á lóð sem getur valdið misgengi á lögnum þannig að þær gefa sig. Athafnasvæði fyrir framkvæmdina yrði af mjög skornum skammti í ljósi þess að byggðin í götunni er nú þegar þétt og gatan þröng. Einnig skal það vera ljóst að ekki er heimilt að fara með vinnuvélar eða annan búnað inn á lóð Víðigrundar 25 en þinglýstir eigendur og lóðarhafar Víðigrundar 25 veita ekki slíka heimild. Að þessu sögðu er ljóst að gatan yrði lokuð umferð í umtalsverðan tíma meðan á framkvæmdum stæði (m.a. vegna jarðvegsskipta, mótavinnu, steypuvinnu ofl.) Slíkt myndi skapa mikið öngþveiti og óöryggi, ekki síst fyrir börn á leið til skóla.“

Umsögn 1.5
Allar framkvæmdir verða að vera innan lóðar Víðigrundar 23.

1.6
„Að framkvæmdum loknum hefði viðbyggingin jafnframt mikil áhrif á skuggavarp og útsýni að götu. Gatan er mjög þröng fyrir, bílar eru venjulega lagðir öðru megin í götunni þannig að gatan er nánast einbreið. Við þessar aðstæður er útsýni úr Víðigrund 25, þegar bakkað er úr bílaplani, af skornum skammti og myndi viðbygging í þessari fjarlægð rýra útsýnið ennfremur. Fyrir utan bílaumferð er einnig talsverð umferð gangandi og hjólandi vegfarenda um götuna, þá einkum börn sem eru að fara til og frá Snælandsskóla. Því telst það einnig til öryggisatriða að deiliskipulagsbreytingin fái ekki fram að ganga.“

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Umsögn 1.6
Miðað við að það búi um 4 íbúar í hverju húsi við Víðigrund 19-25 eru 16 íbúar í húsagötunni. Umferð er áætluð um 15 ferðir bíla á sólarhring sem ekki telst vera mikil umferð. Umrædd, fyrirhuguð framkvæmd hefur að mati skipulagsdeildar ekki umtalsverð áhrif á útsýni út bílum sem bakkað er og ekki er tekið undir að umferðaröryggi raskist.
Þegar skoðuð eru umhverfisáhrif af skuggavarpi er það mat skipulagsdeildar að aukin morgun skuggi stafar af fyrirhugaðri breytingu einkum við útidyr Víðigrundar 25.
(sjá fylgiskj. 5)

1.7
„Í rökstuðningi lóðarhafa Víðigrundar 23 með tillögunni er nefnt að austurhlið Víðigrundar 25, sú hlið sem snýr að fyrirhugaðri nýbyggingu, sé nánast gluggalaus. Það er alfarið rangt, þar sem á þessari hlið er gluggi barnaherbergis, baðherbergis, eldhúss, þvottahúss og geymslu, svo og tvennar útidyr.“

Umsögn 1.7
Þegar skoðuð eru umhverfisáhrif af nánd og innsýn (notkun eignarinnar) er það mat skipulagsdeildar að fyrirhuguð viðbygging þrengi aðkomu að útidyrum (aukin nánd) en ekki er tekið undir að nánd raskist í barnaherbergi þar sem tekið er fram í skilmálum að á austurhlið húsa skulu vera hátt sitjandi gluggar eða afskermun glugga til að hindra innsýn í garð hússins fyrir austan. (sjá fylgiskj. 7)

1.8
„Hvað brunatæknilega hönnun varðar þá ætti aldrei að deiliskipuleggja íbúðarhús í minni fjarlægð en 8 metra og a.m.k. 10 metra ef veggir uppfylla ekki nema EI30 brunakröfu. Lágmarks bil á milli bygginga þar sem brunaálag er undir 780 MJ/m2 gólfflatar og báðar byggingar hafa EI60 útveggi eru 6 metrar ef báðar byggingar hafa klæðningar í flokki 1 (K210 B-s1,d0) skv. ÍST EN 13501-1. Það skal tekið fram að íbúðarhús er í efrimörkum þessa brunaálags en það er metið vera um 780 MJ/m2 gólfflatar skv ÍST EN 1991-1-2. Ef byggingar eru timburklæddar með klæðningum í flokki 2 (K210 D-s2,d0) skal auka bilið um 1 metra fyrir hvora byggingu sem hefur klæðningu í flokki 2. Þannig að lágmarksbilið verður a.m.k. 7 metrar ef önnur byggingin hefur klæðningar í flokki 2 og 8 metrar ef báðar byggingar hafa klæðningar í flokki 2. Ekki er gerð krafa um klæðningar í flokki 1 á byggingum í notkunarflokki 3 (íbúðarhús) á 1. hæð en ef 6 metrar eru á milli bygginga er verið að skilyrða klæðningar í flokki 1 á báðar byggingarnar en mögulegt er að í framtíðinni vilji núverandi eigendur eða framtíðar eigendur eigna klæða byggingarnar með klæðningum í flokki 2. Ef bilið er minna skal vera algjörlega gluggalaus eldvarnarveggur REI120-M, A2-s1,d0 á sjálfstæðri undirstöðu með brunakambi.“

Umsögn 1.8
Það er hlutverk byggingarfulltrúa að yfirfara og samþykkja byggingarleyfis umsóknir og aðaluppdrætti sem lagðir eru inn. Þar undir tilheyrir að gera brunatæknilega úttek. Engar framkvæmdir eru samþykktar sem ekki uppfylla brunatæknilegar útfærslur.

1.9
„Í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eru sett fram viðmið um nýtingarhlutfall húsagerða: Nýtingarhlutfall flestra húsa í Víðigrund í upprunalegri mynd er um 0,30 (sjá fylgiskjal – nýtingarhlutfall). Heildarnýtingarhlutfall Víðigrundar 23 eftir breytingu yrði 0,44 og myndi nýtingin því flokkast nær viðmiði raðhúsa/parhúsalóða skv. aðalskipulagi Kópavogs en ekki einbýlishúsalóðar. Heildarnýtingarhlutfall húsa í götunni sem eru yfir 0,30 (0,77 mest) gefur ekki rétta mynd og er ekki sambærilegt við fyrirhugað nýtingahlutfall Víðigrundar 23 þar sem um er að ræða niðurgrafna kjallara sem eru að mestu gluggalausir og eru undir um 130 m2 grunnfleti húsa og í einhverjum tilfellum einnig undir bílskúrum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Umrædd tillaga sýnir nýtingu að stórum hluta á jarðhæð en ekki undir þegar byggðri eign. Ekki er kjallari undir öðrum viðbyggingum í götunni nema bílskúrum sem eru þá annað hvort við enda götu eða þá fjær götu ef um er að ræða bílskúr milli húsa sem nær að lóðamörkum. Jafnframt er ekki hægt að líta á þessa breytingu sem sambærilega og aðrar minniháttar breytingar sem gerðar hafa verið á lóðum í Víðigrund, sem eru aðallega garðskálar eða yfirbyggðir inngangar."

Umsögn 1.9
Í greinargerð Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 er í kafla 2 um byggð er fjallað um m.a. skilgreiningu landnotkunar á íbúðasvæðum og sett fram viðmið um nýtingarhlutfall lóð, reita og svæða og tilgreint hlutfallið 0,2 til 0,35 fyrir einbýlishúsalóðir.
Víða, hvort sem um er að ræða á deiliskipulögðum svæðum eða í eldri byggð Kópavogs, er um að ræða einbýlishúsalóðir með hærri nýtingu og svo á við um umrætt hverfi Víðigrundar.
Með vísan í ofangreinar breytingar sem átt hafa sér stað í Víðigrund um aukna nýtingu á lóð er það mat skipulagsdeildar að þær ná aðallega til stækkunar húsnæðis neðanjarðar og viðbyggingar sem eru garðskálar og forstofur eða tengingar milli húss og bílageymslu þar sem grunnflötur eru undir framlengdu þaki. (ekki verið að gera kvist)
Á þetta við um Víðigrund 57, 37, 35
Umrædd breyting að Víðigrund 23 yrði umtalsvert stærri en þær breytingar sem hér hefur verið getið um.

1.10
Í tillögu að deiliskipulagsbreytingu Víðigrundar 23 er gert ráð fyrir að viðbyggingin nái um 5,5 metra frá núverandi útvegg að lóðamörkum móts við Víðigrund 25, þar til viðbótar bætist við stigagangur auk stoðveggjar. Viðbyggingar við önnur hús í Víðigrund sem eru nær götu ná allar að hámarki um rúmlega 3 metra frá upprunalegum útvegg að lóðamörkum (sjá fylgiskjal - teikningar). Því er þessi breyting ekki sambærileg breytingu annarra húsa í götunni. Með þessari tillögu sinni eru lóðarhafar að Víðigrund 23 að taka allt sameiginlegt svigrúm til sín til stækkunar milli húsanna. Ef þetta nær fram að ganga þá er ljóst að lítið sem ekkert svigrúm er fyrir lóðarhafa í Víðigrund 25 að byggja yfir inngang húss síns ef þeir myndu óska þess. Húsin yrðu þá orðin nær sambyggð og myndi það breyta götumynd verulega og heildaryfirbragði hverfisins.

Umsögn 1.10
Sjá umsögn 1.4 um breytta götumynd og fordæmisgefandi framkvæmdir og breytingar.

1.11
Ef deiliskipulagstillaga væri lögð fram um að hækka Víðigrund 25 um eina hæð má ætla að skipulagsyfirvöld stoppuðu slíkt ferli sjálf þar sem hækkun á húsi um eina hæð samræmist ekki götumynd frekar en umrædd deiliskipulagsbreyting sem sótt er um. Bílskúrar sem fylgja húsum í Víðigrund eru að jafnaði staðsettir við enda götu. Í þeim tilvikum þar sem bílskúrar hafa verið byggðir að lóðarmörkum milli húsa í götunni þá eru þeir fjær götu og skyggja því ekki á útsýni úr aðliggjandi húsum svo sem þegar íbúar þurfa að komast út úr bílastæðum sínum. Ekkert fordæmi er fyrir svo mikilli stækkun á grunnfleti íbúðarhúss í Víðigrund eins og gert er ráð fyrir hjá lóðarhöfum Víðigrundar 23.

Umsögn 1.11
Sjá umsögn 1.9 um breytingar sem átt hafa sér stað í Víðigrund.

1.12
Ljóst er að ef samþykkt verður svo viðamikil og fordæmisgefandi breyting getur það hrundið að stað ósætti, ágreiningi og ólgu í hverfinu ef að fleiri ætla að fara að fordæmi eigenda að Víðigrund 23 og ganga svo freklega á rétt og velferð nágranna sinna. Ætla má að ekki verði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

allir íbúar sáttir ef byggingareitir aðliggjandi lóða verði færðir upp að lóðamörkum þeirra. Einnig getur það aukið á hættu fyrir börn á leið í og úr skóla ef skyggni frá bílastæðum er rýrt enn frekar. Í auknum mæli er talið verðmæti í því að vernda yfirbragð hverfa í Kópavogi sem og víðar. Víðigrund er friðsæl gata þar og ekki hefur verið ásókn í að breyta skipulagi eða yfirbragði hennar í áratugi. Mikilvægt er að svo fái að vera áfram.

Umsögn 1.12
Sjá umsögn 1.4 og 1.9

1.13
Þinglýstir eigendur og lóðarhafar Víðigrundar 25 krefjast þess að umræddri deiliskipulagsbreytingu verði hafnað með öllu.

Umsögn 1.13
Varðandi rýrnun á gildi eignar. Fjallað er um bætur vegna skipulags og yfirtöku eigna í 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar segir: „Leiði skipulag eða breyting á skipulagi til þess að verðmæti fasteignar skerðist verulega, umfram það sem við á um sambærilegar eignir í næsta nágrenni, á sá er getur sýnt fá á tjón af þeim sökum rétt á bótum frá viðkomandi sveitarfélagi.“

4) Niðurstaða umsagnar skipulagsdeildar dags. 20. júní 2022

Þegar skoðað er hvernig fyrirhuguð breyting að Víðigrund 23 fellur að aðliggjandi byggð og yfirbragði hverfisins hvað varðar stærð og hlutföll, umferð bílastæðaþörf, útsýni og skuggamyndun telur skipulagsdeild að engar neikvæð umhverfisáhrif verið af aukinni umferð og bílastæðaþörf.

Þegar skoðuð eru umhverfisáhrif af skuggavarpi er það mat skipulagsdeildar að aukin morgun skuggi stafar af fyrirhugaðri breytingu einkum við útidyr Víðigrundar 25.
(sjá fylgiskj. x)

Þegar skoðuð eru umhverfisáhrif af útsýnisskerðingu er það mat skipulagsdeildar að útsýni breytist þegar horft er til norðausturs frá austurhluta lóðar Víðigrundar 25

Þegar skoðuð eru umhverfisáhrif af nánd og innsýn (notkun eignarinnar) er það mat skipulagsdeildar að fyrirhuguð viðbygging þrengi aðkomu að útidyrum (aukin nánd) en ekki er tekið undir að nánd raskist í barnaherbergi þar sem tekið er fram í skilmálum að á austurhlið húsa skulu vera hátt sitjandi gluggar eða afskermun glugga til að hindra innsýn í garð hússins fyrir austan.

Nýtingarhlutfall fyrir breytingu var 0.28. Með fyrirhuguðum breytingum er hámarksnýtingarhlutfall áætlað 0.44 sem er yfir meðaltals nýtingu Víðigrundar 9 til 35 sem er 0.37 en undir lóðarnýtingu Víðigrundar 7, 21 og 35 þar sem deiliskipulagsbreytingar hafa átt sér stað.

Skipulagsdeild tekur undir þá skoðun lóðarhafa Víðigrundar 25 að um mikla breytingu sé að ræða á götumynd Víðigrundar 19-25 við fyrirhugaða framkvæmd og telur að umrædd breyting, verði hún samþykkt, sé fordæmisgefandi fyrir allt deiliskipulagssvæði Víðigrundar.

Í greinargerð Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 er í kafla 2 um byggð er fjallað um m.a. skilgreiningu landnotkunar á íbúðasvæðum og sett fram viðmið um nýtingarhlutfall lóð, reita og svæða og tilgreint hlutfallið 0,2 til 0,35 fyrir einbýlishúsalóðir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Víða, hvort sem um er að ræða á deiliskipulöguðm svæðum eða í eldri byggð Kópavogs, er um að ræða einbýlishúsalóðir með hærri nýtingu og svo á við um umrætt hverfi Víðigrundar.
Með vísan í ofangreinar breytingar sem átt hafa sér stað í Víðigrund um aukna nýtingu á lóð er það mat skipulagsdeildar að þær ná aðallega til stækkunar húsnæðis neðanjarðar og viðbyggingar sem eru garðskálar og forstofur eða tengingar milli húss og bílageymslu þar sem grunnflötur eru undir framlengdu þaki. (ekki verið að gera kvist)
Á þetta við um Víðigrund 57, 37, 35
Umrædd breyting að Víðigrund 23 yrði umtalsvert stærri en þær breytingar sem hér hefur verið getið um.

Tekið skal fram að lóðarhafar Víðigrundar 23 eru tilbúin að skoða aðrar lausnir en þá sem kynnt hefur verið sem skilar sambærilegri niðurstöðu fyrir Víðigrund 23 en eigendur Víðigrundar 25 gætu frekar sætt sig við og nefna að hægt væri að skoða staðsetningu á stigahúsi, útliti á þaki eða annað sambærilegt samkvæmt tillögu skipulagsdeildar.

4) Niðurstaða umsagnar skipulagsráðs dags. 20. júní 2022

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Víðigrund. Heildarskipulag og skilmálar, samþykkt 1971

Vísað er í byggingaskilmála Snælandshverfis, samþykkta í bæjarstjórn í september 1971 en þar kveður á um forsendur og markmið tillögunnar og nánari útfærslu á skilmálum.

Víðigrund 1-63. Deiliskipulag svæðis. Samþykkt í bæjarstjórn 26. september 1989.



Víðigrund 1-63. Bílskúrar, breytt staðsetning. Óveruleg breyting. Samþykkt 23. október 1990.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Víðigrund 55

Óveruleg breyting á DSK
Samþykkt í bæjarráði 7. febrúar 2008

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu:
Breytingin tekur aðeins til lóðar nr. 55 við Víðigrund.
Í breytingunni felst að byggja eigi 18.4 m^2 sólstofu við vesturhlið hússins.



Víðigrund 35
Óveruleg breyting á DSK
Samþykkt 26. september 2017
B-deild 13. okt. 2017

ONE / 1705033

Greinargerð:
Í breytingunni felst að veitt er heimild að reisa bílageymslu á lóðinni í samræmi við gildandi deiliskipulag ásamt viðbyggingu og tengibyggingu milli bílageymslu og íbúðarhúss, samtals 57 m2 að flatarmáli. Nýrri hurð er komið fyrir á vesturhlið hússins og glugga komið fyrir í stað hurðar á austurhlið.
Einnig er veitt heimild til að nýta áður gerðan kjallara undir íbúðarhúsinu, 128 m2 að flatarmáli og koma fyrir tveimur gluggum á vesturhlið kjallara hússins.
Byggingarmagn á lóðinni er fyrir breytingu131,2 m2 og nýtingarhlutfall 0,30.
Byggingarmagn á lóðinni eftir breytingu verður 281,1 m2 og nýtingarhlutfall 0,61.



Víðigrund 35
